

Ed.

756. Frumvarp til laga

[182. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Biskupi er heimilt að ráða prestvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða kallið er prestslaus af öðrum ástæðum.

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður hans skal greiddur úr ríkissjóði svo og húsaleiga þar, sem hann er settur til þjónustu, hvort tveggja samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

Enn fremur er biskupi heimilt að ráða aðstoðarprest að Vestmannaeyjaprestakalli, enda njóti hann hálfra embættislauna, er greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.